



# Bífhjólatrygging

Vátryggingarskilmálar nr. BA11

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. BA11.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Váttrygging þessi er samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008.

**Efnisyfirlit:**

- A. Almennir skilmálar
  - 1. Váttryggingin gildir
  - 2. Ábyrgðartími
  - 3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
  - 4. Varúðarreglur
  - 5. Brot á varúðarreglum
  - 6. Áhættubreyting
  - 7. Útreikningur iðgjalds
  - 8. Greiðsla iðgjalds
  - 9. Endurgreiðsla iðgjalds
  - 10. Eigendaskipti á bifhjólum eða afskráning þess
  - 11. Váttryggingarfjárhæð
  - 12. Tvíttrygging
  - 13. Fyrning
  
- B. Lögboðin ábyrgðartrygging bifhjóls
  - 14. Váttryggður
  - 15. Bótasvið
  - 16. Samsömun
  - 17. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
  - 18. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
  - 19. Eigin áhætta
  - 20. Endurkrafa
  - 21. Staða tjónþola við tjón
  - 22. Meðferð bótakrafna
  
- C. Lögboðin slysatrygging ökumanns og eiganda
  - 23. Váttryggður
  - 24. Bótasvið
  - 25. Ákvörðun bóta
  
- D. Slysatrygging ökumanns og eiganda vegna torfæruhjóla (valkvæð)
  - 26. Váttryggður
  - 27. Bótasvið
  - 28. Ákvörðun bóta
  - 29. Greiðsla iðgjalds
  - 30. Fyrning
  
- E. Kaskótrygging bifhjóls (valkvæð)
  - 31. Váttryggðir hagsmunir
  - 32. Váttryggður og meðváttryggðir
  - 33. Váttryggingin gildir
  - 34. Bótasvið
  - 35. Varúðarreglur
  - 36. Samsömun
  - 37. Útreikningur iðgjalds
  - 38. Greiðsla iðgjalds
  - 39. Endurgreiðsla iðgjalds
  - 40. Eigendaskipti á bifhjólum eða afskráning þess
  - 41. Váttryggingarverðmæti
  - 42. Eigin áhætta

43. Bætur fyrir algert tjón
  44. Bætur fyrir tjón að hluta
  45. Framsal
  46. Fyrning
- 
- E. Hlíðarbúnaðartrygging (valkvæð)
  47. Vátryggðir hagsmunir
  48. Vátryggður og meðvátryggður
  49. Vátrygging gildir
  50. Bótasvið
  51. Varúðarreglur
  52. Samsömun
  53. Greiðsla iðgjalds
  54. Endurgreiðsla iðgjalds
  55. Vátryggingarfjárhæð
  56. Eigin áhætta
  57. Ákvörðun bóta
  58. Fyrning

## A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B og C kafla skilmála þessara.

### 1. Vátryggingin gildir

---

- 1.1 Vátryggingin gildir um notkun bifhjóls á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig gildir vátryggingin í Sviss.
- 1.2 Vegna aksturs erlendis, í öðrum ríkjum en framangreindum, skal vátryggingartaki leysa til sín alþjóðlegt vátryggingarkort (grænt kort) vegna ábyrgðartryggingar bifhjólsins, enda eigi viðkomandi ríki aðild að samningi um notkun slíks vátryggingarkorts.
- 1.3 Vátrygging gildir ekki þegar bifhjól er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki eða þegar bifhjól tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum, sbr. 2. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

### 2. Ábyrgðartími

---

- 2.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.
- 2.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.
- 2.3 Enda þótt vátryggingin falli úr gildi ber félagið samt áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að vátryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið keypt.

### 3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

---

**Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:**

- 3.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 3.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 3.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

### 4. Varúðarreglur

---

- 4.1 Ökumaður hins vátryggða bifhjóls skal hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til þess að aka því.
- 4.2 Ökumaður skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun bifhjóls né annarra örvandi eða deyfandi efna.
- 4.3 Ekki skal nota bifhjól til annars aksturs en þess sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.4 Vátryggður eigandi eða umráðamaður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun bifhjólsins og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.

- 4.5 Vátryggður eigandi eða umráðamaður skal viðhalda bifhjóli í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
- 4.6 Vátryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður bifhjólsins sé ávallt í lagi.
- 4.7 Við akstur hins vátryggða bifhjóls skulu ökumaður og farþegi þess nota hlífðarhjálms ætlaðan til slíkra nota og lágmarks hlífðarfatnað ætlaðan til slíkra nota.

## 5. Brot á varúðarreglum

---

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 6. Áhættubreyting

---

Tilkynna ber félaginu tafarlaust ef notkun bifhjóls breytist frá því sem kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð félagsins á vátryggingaratburði lækkar að tiltölu miðað við hvað iðgjaldið hefði orðið við breytta notkun, sbr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 7. Útreikningur iðgjalds

---

- 7.1 Grunniðgjald vátryggingarinnar er reiknað út frá notkun og tegund bifhjólsins. Iðgjaldið breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu og iðgjaldaskrá félagsins.
- 7.1.1 Við útreikning grunniðgjalds vátryggingarinnar er ekki gert ráð fyrir því að iðgjald vátryggingarinnar sé endurgreitt vegna innlagnar skráningarmerkis. Hafi það verið gert kemur álag skv. gjaldskrá félagsins á næsta vátryggingartímabili sem kemur í kjölfar innlagnar skráningarmerkis.
- 7.2 Við ákvörðun iðgjalds er félaginu heimilt að afla upplýsinga frá öðrum vátryggjendum um tjónareynslu vátryggingartaka í þessari grein vátrygginga.

## 8. Greiðsla iðgjalds

---

- 8.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 8.2 Hafi vátrygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu vátryggingartaka má greiðslufrestur þó vera sjö dagar hið skemmsta frá þeim degi er greiðslu var krafist. Hafi iðgjald ekki verið greitt við það tímamark er félaginu heimilt, þrátt fyrir gr. 8.3, að fella vátrygginguna niður. Skal þá félagið tilkynna vátryggingartakanum þá ákvörðun skriflega, jafnframt því að senda tilkynningu til Samgöngustofu um lok vátryggingarinnar.
- 8.3 Hafi iðgjald, auk áfallins kostnaðar, eigi verið greitt innan 14 daga frá sendingu tilkynningar skv. 1. mgr. 33. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004, eða að liðnum greiðslufresti skv. 2. mgr. 32. gr. sömu laga, fellur vátrygging bifhjóls úr gildi. Félagið skal tilkynna Samgöngustofu og vátryggingartaka um niðurfellinguna.
- 8.4 Lögboðið vátryggingariðgjald bifhjóls ásamt vöxtum og kostnaði hvílir sem lögveð á bifhjólinu skv. 12. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

## 9. Endurgreiðsla iðgjalds

---

- 9.1 Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.
- 9.2 Hafi bifhjólið ekki verið í notkun og skráningarnúmer þess verið í vörslu Samgöngustofu eða umboðsmanna hennar í a.m.k. 30 daga samfleytt, endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið. Ákvæði þetta á ekki við ef útreikningur iðgjalds gerir ráð fyrir því að vátrygging sé ekki endurgreidd við innlögn skráningarmerkis eins og tilgreint er í gr. 7.1.1 í skilamála þessum.

## 10. Eigendaskipti á bifhjóli eða afskráning þess

---

Þegar eigendaskipti verða að skráðu vélknúnu bifhjóli gildir hin fyrri vátrygging gagnvart nýjum eiganda (varanlegum umráðamanni) í 14 daga nema bifhjólið hafi áður verið afskráð eða ný vátrygging keypt fyrir það.

## 11. Vátryggingarfjárhæð

---

Ábyrgð félagsins vegna hvers váttryggingaratburðar takmarkast við váttryggingarfjárhæð samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

## 12. Tvíttrygging

---

- 12.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 12.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 12.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 13. Fyrning

---

Bótakröfur á hendur félaginu, svo og endurkröfur, fyrnast skv. reglum 23. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

## B. Lögboðin ábyrgðartrygging bifhjóls

### 14. Váttryggður

---

Skráður eigandi eða varanlegur umráðamaður er váttryggður.

### 15. Bótasvið

---

- 15.1 Váttryggingin nær til sérhverrar skaðabótakröfu sem váttryggðum er skylt að váttryggja gegn samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, sem eigandi eða umráðamaður hins váttryggða bifhjóls, vegna tjóns er hlýst af notkun þess.
- 15.2 Váttryggingin bætir ekki skemmdir á bifhjólinu sjálfu eða öðrum eignum váttryggingartaka eða váttryggðs. Þó bætir váttryggingin skemmdir á eigin bifreið váttryggðs af völdum áreksturs hins váttryggða bifhjóls.

### 16. Samsömun

---

- 16.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða bifhjóli.
- 16.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins váttryggða bifhjóls.

### 17. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

---

Váttryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

### 18. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

---

- 18.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 18.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 18.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 18.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingaratburð.
- 18.5 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

### 19. Eigin áhætta

---

Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu ef þess er getið í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 20. Endurkrafa

---

Félagið á endurkröfurétt samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og almennum réttarreglum vegna greiðslu félagsins á bótum, t.d. ef:

- 20.1 Tjón varð vegna þess að ökumaður, sökum undanfarandi neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna, örvandi eða deyfandi efna, gat ekki stjórnað bifhjóli örugglega eða var óhæfur til þess, samkvæmt umferðarlög nr. 77/2019.
- 20.2 Tjón varð vegna þess að ökumaður hafði ekki þau réttindi og kunnáttu sem þurfti til þess að stjórna viðkomandi bifhjóli.
- 20.3 Tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
- 20.4 Félagið hefur greitt bætur úr váttryggingunni fyrir tjón sem varð þegar liðnir voru 14 dagar frá eigendaskiptum eða váttryggingin hafði fallið úr gildi.
- 20.5 Bifhjólið var notað til annars aksturs en þess sem getið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 20.6 Bifhjólið var leigt án ökumanns andstætt ákvæðum laga um bílaleigur nr. 65/2015. Sýni váttryggður fram á að orsakir tjóns eða það hversu víðtækt tjón er verði ekki rakið til brots á fyrirmælum laga þessara á félagið ekki endurkröfu.

## 21. Staða tjónþola við tjón

---

- 21.1 Félagið er greiðsluskylt gagnvart tjónþola, sbr. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 30/2019. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 21.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.
- 21.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málishöfðuninni einnig gegn váttryggðum, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 21.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og ákvæða 19. og 21. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

## 22. Meðferð bótakrafna

---

- 22.1 Váttryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 22.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna váttryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

## C. Lögboðin slysatrygging ökumanns og eiganda

Váttrygging gildir um bifhjól sem ekki eru undanþegin váttryggingaskyldu skv. 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

## 23. Váttryggður

---

Váttryggður er váttryggingartaki og sérhver ökumaður sem bifhjólinu stjórnar, enda hafi hann ekki notað bifhjólið í algeru heimildarleysi.

## 24. Bótasvið

---

Váttryggingin bætir líkamstjón vegna slyss sem:

- 24.1 Ökumaður verður fyrir við stjórn hins váttryggða bifhjóls samkvæmt 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.
- 24.2 Váttryggingartaki verður fyrir sem farþegi á hinu váttryggða bifhjóli, eða af völdum þess samkvæmt 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

## 25. Ákvörðun bóta

---

- 25.1 Váttryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón váttryggðs á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

- 25.2 Ef váttryggður á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, eða öðrum skaðabótareglum, lækka bætur úr þessari váttryggingu sem því nemur, sbr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

## D. Slysatrýgging ökumanns og eiganda vegna torfæruhjóla (valkvæð)

Váttrygging gildir um bifhjól sem undanþegin eru váttryggingaskyldu skv. 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 með slysatrýggingu ökumanns og eiganda tilgreinda á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Greinar 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 9, 10, 11 og 12 í almennum skilmálum í kafla A eiga einnig við um valkvæða slysatrýggingu ökumanns og eiganda.

## 26. Váttryggður

---

Váttryggður er váttryggingartaki og sérhver ökumaður sem bifhjólinu stjórnar, enda hafi hann ekki notað bifhjólið í algeru heimildarleysi.

## 27. Bótasvið

---

**Váttryggingin bætir líkamstjón vegna slyss sem:**

- 27.1 Ökumaður verður fyrir við stjórn hins váttryggða bifhjóls samkvæmt 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.
- 27.2 Váttryggingartaki verður fyrir sem farþegi á hinu váttryggða bifhjóli, eða af völdum þess samkvæmt 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

**Váttryggingin bætir ekki:**

- 27.3 Líkamstjón nema að varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé 15 stig eða meira. Í því felst að sé varanlegur miski undir 15 stigum greiðast engar bætur skv. skaðabótalögum nr. 50/1993.

## 28. Ákvörðun bóta

---

- 28.1 Váttryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón váttryggðs á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.
- 28.2 Ef váttryggður á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, eða öðrum skaðabótareglum, lækka bætur úr þessari váttryggingu sem því nemur, sbr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

## 29. Greiðsla iðgjalds

---

- 29.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 29.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingasamnings, sbr. 96. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 30. Fyrning

---

Bótakröfur á hendur félaginu fynast samkvæmt reglum 125. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004.

## E. Kaskótrygging bifhjóls (valkvæð)

Kaskótrygging bifhjóls er innifalin ef hún er tilgreind á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Greinar 3, 4, 5, 6 og 12 í almennum skilmálum í kafla A eiga einnig við um kaskótryggingu bifhjóls.

## 31. Váttryggðir hagsmunir

---

Váttryggingin gildir fyrir bifhjól sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 32. Váttryggður og meðváttryggðir

---

- 32.1 Eigandi bifhjól er váttryggður.
- 32.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í bifhjólinu eru ekki meðváttryggðir í skilningi laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðváttryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en váttryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 33. Váttryggingin gildir

---

#### Váttryggingin gildir:

- 33.1 Á Íslandi.
- 33.2 Á ferðalagi annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og í Sviss í allt að 92 daga, talið frá brottfarardegi frá Íslandi, ásamt nauðsynlegum flutningi á milli þessara landa, enda sé um árstryggingu að ræða.

#### Váttryggingin gildir ekki

- 33.3 Við akstur á vegum eða vegarköflum þar sem bannað er að aka ökutækjum samkvæmt fyrirmælum rétttra yfirvalda, eða við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir á bifhjólinu ef það sannast að þær verða þegar ökumaður hefur orðið að fara út fyrir akbraut, t.d. vegna viðgerðar á akbrautinni.
- 33.3.1 Þrátt fyrir ákvæði í gr. 31.3 gildir váttryggingin fyrir krossara, torfærubifhjól og klifurhjól við akstur um fjörur, forvaða og aðrar vegleysur.

### 34. Bótasvið

---

#### Váttryggingin bætir tjón á bifhjólinu vegna:

- 34.1 Áreksturs þess og annars farartækis, s.s. bifreiðar eða bifhjóls.
- 34.2 Áaksturs.
- 34.3 Veltu og hrops.
- 34.4 Útafaksturs.
- 34.5 Grjóthruns, skriðufalls, snjóflóðs úr fjallshlíð, aur- eða vatnsflóðs, þó ekki vegna sjávarflóða.
- 34.6 Eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
- 34.7 Þjófnaðar eða ef tilraun er gerð til þjófnaðar á því.
- 34.8 Óveðurs ef bifhjólið fýkur eða það skemmist vegna áfoks eða áhruns af völdum óveðurs, þó ekki ef sandur, möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það. Með óveðri er átt við þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu, hvort almennt eignatjón hefur orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.
- 34.9 Flutnings þess um landveg á eða af flutningstæki eða á skipi milli hafna. Skemmdir sem verða þegar það er flutt á milli hafna, bætast þó ekki nema um árstryggingu sé að ræða.
- 34.10 Skemmdarverka sem unnin eru af ásettu ráði af öðrum en váttryggðum.

#### Váttryggingin bætir einnig

- 34.11 Þjörgunar- eða flutningskostnað til næsta viðgerðarverkstæðis sem félagið fellst á ef bifhjól verður óökufært vegna bótaskylds tjóns á Íslandi.

#### Váttryggingin bætir ekki

- 34.12 Skemmdir er aðeins varða dempara og höggdeyfa.
- 34.13 Þjófnað á einstökum hlutum bifhjólsins.
- 34.14 Þjófnað eða tilraun til þjófnaðar á bifhjóli eigi hann sér stað utan Íslands.
- 34.15 Skemmdir sem hljótast af því að laust grjót hrekkur upp undir bifhjólið í akstri.
- 34.16 Skemmdir sem hljótast af því að bifhjólið tekur niðri á ójöfnum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu og lausu grjóti.
- 34.17 Skemmdir á hvers konar aukaútbúnaði bifhjólsins, t.d. tengivögnum, farsímum, GPS-tækjum og talstöðvum, nema um annað sé samið.
- 34.18 Skemmdir sem verða á bifhjólinu vegna þátttöku í aksturskeppni eða æfingu fyrir slíka keppni, nema um annað sé samið.
- 34.19 Skemmdir á bifhjólinu vegna dýra.



- 34.20 Skemmdir af völdum sjóbleytu.
- 34.21 Tjón skv. ábyrgðartakmörkunum sem tiltekna eru í gr. 34.5, 34.6, 34.8, 34.9 og 34.11.

## 35. Varúðarreglur

---

- 35.1 Þegar lykjar bifhjólans eru ekki í vörslu váttryggðs eða umráðamanns bifhjólans skal geyma þá í læstu húsnæði eða öðru læstu rými, þó ekki á bifhjólinu sjálfu.
- 35.2 Ökumaður skal ekki aka eða geyma bifhjól þar sem hættu er á að það skemmist vegna þess að sandur, mül, aska, vikur eða önnur laus jarðefni geta fokið á það.

## 36. Samsömun

---

- 36.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða bifhjóli.
- 36.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda váttryggðs og stjórnanda hins váttryggða bifhjóls.

## 37. Útreikningur iðgjalds

---

- 37.1 Grunniðgjald váttryggingarinnar er reiknað út frá notkun bifhjólans, tegund þess og verðmætis.
- 37.2 Iðgjaldið breytist við endurnýjun váttryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

## 38. Greiðsla iðgjalds

---

- 38.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 38.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 39. Endurgreiðsla iðgjalds

---

- 39.1 Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 39.2 Hafi bifhjólið ekki verið í notkun og skrásetningarmarki þess verið í vörslu Umferðarstofu eða umboðsmanna hennar í a.m.k. 30 daga samfleytt, endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið, að frádregnum þeim hluta iðgjaldsins sem er fyrir bruna- og þjófnaðaráhættu í váttryggingunni. Þessi réttur til endurgreiðslu iðgjaldsins fellur niður ef innistaða skráningarmarkja bifhjólans er vegna tjóns sem váttryggingin tekur til og bætt er.
- 39.3 Skammtímatryggingar eru með öllu undanskildar endurgreiðsluákvæðum í gr. 39.1 og 39.2.

## 40. Eigendaskipti á bifhjóli eða afskráning þess

---

Ef eigendaskipti verða að hinu váttryggða bifhjóli, eða það er afskráð, fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða afskráning hefur átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

## 41. Váttryggingarverðmæti

---

- 41.1 Váttryggingarverðmæti bifhjólans er sú upphæð sem sambærilegt bifhjól að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.
- 41.1.1 Váttryggingarverðmæti samkvæmt gr. 41.1 getur þó aldrei orðið hærri en sú upphæð sem kemur fram í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun, ef hún er tilgreind þar.

## 42. Eigin áhætta

---

- 42.1 Af hverju tjóni ber váttryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 42.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið heldur ekki kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 42.3 Eigin áhætta breytist við endurnýjun váttryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

### 43. Bætur fyrir algert tjón

---

- 43.1 Félagið greiðir bætur fyrir algjört tjón ef:
- 43.1.1 Bifhjólíð verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við það.
- 43.1.2 Bifhjólinu er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu var tilkynnt um atburðinn.
- 43.2 Verði algert tjón á bifhjóli ræður félagið hvort það:
- 43.2.1 Greiði váttryggingarverðmæti bifhjólsins gegn afsali.
- 43.2.2 Greiði mismun á váttryggingarverðmæti og verðmæti bifhjóls eftir váttryggingaratburð.
- 43.2.3 Útvegi annað bifhjól sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri og gerð. Kjósi félagið að útvega annað bifhjól hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi váttryggingartaka fyrir hinu skemmda bifhjóli.

### 44. Bætur fyrir tjón að hluta

---

- 44.1 Skemmist bifhjólíð án þess að skilyrði 38. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við bifhjólíð að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón.
- 44.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem félagið samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
- 44.3 Félagið bætir ekki lækkan á markaðsverði bifhjólsins, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

### 45. Framsal

---

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

### 46. Fyrning

---

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

## F. Hlífðarbúnaðartrygging (valkvæð)

Hlífðarbúnaðartrygging er innifalin ef hún er tilgreind á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Váttryggingin bætir tjón á hlífðarfötum og hjálmum sem ekki er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu bifhjólsins eða slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Grein 3, 4, 5 og 12 í almennum skilmálum í kafla A á einnig við um hlífðarbúnaðartryggingu.

### 47. Váttryggðir hagsmunir

---

- 47.1 Váttryggingin tekur til sérhæfðs hlífðarbúnaðar sem fylgja notkun bifhjóla, þ.e. mótörhjólagalli, hjálmur, hanskar, hlífar og skór.
- 47.2 Váttrygging tekur einnig til fatnaðar sem váttryggður klæðist undir hlífðarbúnaði, þegar tjón verður í tengslum við notkun bifhjóls.

### 48. Váttryggður og meðváttryggðir

---

- 48.1 Váttryggingartaki er váttryggður.

- 48.2 Meðvátryggðir eru fjölskylda vátryggingartaka sem hefur sama lögheimili á Íslandi og hann, sameiginlegt heimilishald og býr á sama stað.

## 49. Vátrygging gildir

---

- 49.1 Á Íslandi
- 49.2 Á ferðalagi annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og í Sviss í allt að 92 daga, talið frá brottfarardegi frá Íslandi, ásamt nauðsynlegum flutningi á milli þessara landa, enda sé um árstryggingu að ræða.

## 50. Bótasvið

---

### Vátryggingin bætir:

- 50.1 Tjón sem verða í tengslum við notkun bifhjóls.
- 50.2 Tjón vegna eldsvoða og sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlífðarbúnaður sviðnar eða bráðnar ef eldur er ekki laus.
- 50.3 Tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða bílskúr og annarri geymslu tilheyrandi íbúðarhúsnæði, sumarhúsi, geymslu utan íbúðarhúsnæðis og bifreið.
- 50.4 Tjón af völdum vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum íbúðarhúsnæðis eða bílskúrs og annarri geymslu tilheyrandi íbúðarhúsnæði og á upptök innan veggja hússins.

### Vátrygging bætir ekki:

- 50.5 Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni.
- 50.6 Tjón sem má rekja til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins vátryggða.
- 50.7 Tjón á hlífðarbúnaði sem verður í tengslum við notkun torfæruhjóls, krossara eða klifurhjóls.
- 50.8 Skemmdir sem verða á hlífðarbúnaði vegna þátttöku í aksturskeppni eða æfingu fyrir slíka keppni.
- 50.9 Tjón sem rekja má til galla.

## 51. Varúðarreglur

---

- 51.1 Vátryggður skal fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald hins vátryggða.
- 51.2 Vátryggður skal læsa íbúðarhúsum, geymslum, bílskúrum, sumarhúsum og bifreiðum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Vátryggður skal sjá til þess að ekki sé skilið við ólæst íbúðarhúsnæði mannaust.
- 51.3 Vátryggður skal sjá til þess að hlutir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.

## 52. Samsömun

---

- 52.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða bifhjóli.
- 52.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins vátryggða bifhjóls.

## 53. Greiðsla iðgjalds

---

- 53.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 53.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 54. Endurgreiðsla iðgjalds

---

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

## 55. Vátryggingarfjárhæð

---

- 55.1 Hámarksbætur vegna hvers einstaks tjóns koma fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 55.2 Váttryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

## 56. Eigin áhætta

---

- 56.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 56.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

## 57. Ákvörðun bóta

---

- 57.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlífðarbúnaði, sambærilegum þeim sem skemmdist. Þó eru bætur aldrei hærrí en hámarksupphæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 57.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlífðarbúnaði til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlífðarfatnað þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 57.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðryrnunar samkvæmt gr. 57.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 57.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingaratburð.
- 57.5 Minjagildi bætist ekki.
- 57.6 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.
- 57.7 Stolnir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjón eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Váttryggður getur þó haldið muninum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

## 58. Fyrning

---

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.